

Mjólkurgjöf:

Notið ekki hjá mjólkandi tíkum.

Frjósemi:

Notið ekki hjá hundum til undaneldis.

Ofskömmtun

Engar aukaverkanir sáust hjá hundum 8 vikna eða eldri sem fengu 5 sinnum ráðlagðan skammt í 8 skipti með 4 vikna millibili eða í 6 skipti með 2 vikna millibili.

Útsetning fyrir slysi hjá köttum:

Við klínísk einkenni eitrunar á að leita ráða hjá dýralækni tafarlaust og sýna fylgiseðilinn.

Leiðbeiningar fyrir dýralækninn: Gefa á blóðsölt með innrennsli í bláæð til að koma jafnvægi á líkamsstarfsemi við klínísk einkenni eitrunar (t.d. of mikið munnvatnsrennsli, skjálftu, vöðvakrampi). Við meðferð á einkennum sem tengjast taugakerfi á nota t.d. atropín (munnvatnsrennsli) og diazepam (vöðvakrampi/vöðvatitringur/krampi). Pentobarbital, phenobarbital eða propofol má nota við endurteknum krampa/skjálfta. Bati verður venjulega innan 24-36 klst. frá meðferð.

13. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR ÓNOTAÐRA LYFJA EÐA ÚRGANGS, EF VIÐ Á

Farga skal ónotuðu dýralyfi eða úrgangi vegna dýralyfs í samræmi við gildandi reglur.

Activyl Tick Plus má ekki berast í vötn, ár eða læki þar sem það kann að vera skaðlegt fiski eða öðrum vatnalífverum.

14. DAGSETNING SÍÐUSTU SAMÞYKKTAR FYLGISEÐILSINS

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu (<http://www.ema.europa.eu/>).

15. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Pappaaskja með 1 pípettu sem inniheldur 0,5 ml, 1 ml, 2 ml, 4 ml eða 6 ml

Pappaaskja með 4 pípettum sem innihalda 0,5 ml, 1 ml, 2 ml, 4 ml eða 6 ml

Pappaaskja með 6 pípettum sem innihalda 0,5 ml, 1 ml, 2 ml, 4 ml eða 6 ml

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.